

Formáli höfundar

Þegar ÍR-ingar halda upp á 100 ára afmæli félagsins á sér stað sá einstaki áfangi í íslenskrri íþróttasögu að íþróttafélag fagnar samfelldu starfi í heila öld. Önnur félög hafa ekki náð þeim áfanga. Ágæt og merkileg félög sem telja sig eldri en ÍR miða stofndag sinn við félög eða samtök sem hættu starfsemi um árabíl. Arftakar þeirra tóku ekki til starfa fyrr en eftir að ÍR var stofnað 1907. Spyrja mátti hvort með svipuðum hætti ætti ekki að miða stofnun ÍR við fimleikafélagið Reykjavík Gymnastic Club sem stofnað var 1895 en ÍR erfði áhöld þess félags.

Það hefur aldrei hvarflað að neinum og því halda ÍR-ingar upp á 100 ára afmæli félags síns árið 2007. Í bók þessari er eftir bestu getu reynt að varpa ljósi á það mikla íþróttastarf sem farið hefur fram í ranni félagsins. Víða hefur verið leitað fanga og liggur afrakstur þess nú fyrir. Áður hefur ÍR gefið út rit í tilefni 25 ára afmælis síns og

Ólympíubókina 1957 þar sem fjallað var um þátttöku Vilhjálms Einarssonar á Ólympíuleikunum í Melbourne og fjallað um starfsemi þeirra deilda sem þá voru virkastar í félaginu.

Um margt hefur ÍR verið í fararbroddi bæði innan vallar sem utan og árangur af starfi þess mikill. Lengi barðist það fyrir því að fá lóð undir félagssvæði en hafði aldrei fast land undir fótum í þeim efnunum fyrr en eftir flutning í Breiðholtið á sjötugsaldri. Þar hefur starfsemi þess sprungið út og er það nú eitt öflugasta hverfafélag borgarinnar. Við Skógarsel hefur félagið byggt upp glæsilega aðstöðu til félagsstarfs og íþróttar. Á hún eftir að batna stórum á næstu árum með tilkomu glæsilegs íþróttahúss.

Allt frá því að Norðmaðurinn Andreas J. Bertelsen boðaði til stofnunar félagsins hefur Íþróttafélag Reykjavíkur starfað af krafti. Oft við erfiðar aðstæður en



siglt í gegnum allan mótbyr í krafti þess eldmóðs sem ætíð hefur búið í brjósti þeirra sem borið hafa félagsstarfið uppi. Þess herskara manna og kvenna hugsar maður óhjákvæmilega til við lok ritunar aldarsögu ÍR. Þeirra sem setið hafa í stjórnnum félagsins, stjórnnum einstakra deilda, allra þjálfaranna sem rétt hafa félaginu hjálparhönd, liðsstjórnanna, búningamanna, tímavarðanna, allra starfsmanna við mótahald og allra annarra sem þjónað hafa félaginu og íþróttamönnum þess af mikilli fórnfýsi í heila öld. ÍR á þessum sveitum fyrst og fremst líf sitt að þakka og íþróttamönnunum sem borið hafa hróður þess um víðan völl í samfelld 100 ár. Fæstir þeirra eru nefndir á nafn í þessari sögu, til þess hefðu bindin orðið að vera fleiri. En þessu fólki, hinum „týndu hermönnum“ ÍR, tileinka ég verkið í einu og öllu. Það er með þakklæti og stolti og djúpri virðingu sem ég minnst þess. Ísland stendur í þakkarskuld við þetta fólk.

Ágúst Ásgeirsson